



Íbúaráð Kjalarness
Heimir Snær Guðmundsson

Fyrirspurn íbúaráðs Kjalarness um nýja aðstöðu skotæfingafélaga í Álfsnesi - tilv. R21030190

Á fundi íbúaráðs Kjalarness 14. október 2021 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn, sem var vísað til umsagnar íþróttar- og tómstundasviðs:

Íbúaráð Kjalarness óskar upplýsinga um hvort unnið hafi verið að því að finna skotæfingafélagunum í Álfsnesi nýja aðstöðu og ef svo er, er óskað upplýsinga um þá vinnu?

Á fundi borgarráðs 15. apríl 2021 var samþykkt að senda til meðferðar menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs eftirfarandi tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um framtíð Skotfélags Reykjavíkur:

Borgarráð samþykkir að skipa samráðshóp um framtíð Skotfélags Reykjavíkur. Hópurinn verði skipaður tveimur fulltrúum frá Reykjavíkurborg og tveimur frá Skotfélaginu, til að fara yfir framtíðartilhögun aðstöðunnar og gera tillögu um mögulegt framtíðarsvæði fyrir Skotfélagið. Samráðshópur skili tillögu sinni til borgarráðs fyrir 1. desember 2021.

Á fundi menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs 28. júní 2021 var lagt fram að nýju bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 9. júní 2021 þar sem vísað er til meðferðar menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi samráðshóp um framtíð Skotfélags Reykjavíkur. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra íþróttar- og tómstundasviðs, dags. 15. júní 2021.

Samþykkt að fulltrúar íþróttar- og tómstundasviðs og Íþróttabandalags Reykjavíkur taki upp viðræður við Skotfélag Reykjavíkur vegna málsins og ræði við fulltrúa umhverfis- og skipulagssviðs og heilbrigðiseftirlitsins.

Fulltrúar ÍTR og ÍBR hafa átt fundi með fulltrúum Skotfélagsins og rætt hefur verið við fulltrúa USK og heilbrigðiseftirlits.

Eftirfarandi hefur komið fram í yfirferð um málið:


1. Skotfélag Reykjavíkur er elsta íþróttafélag landsins, stofnað 2. júní 1867
2. Áætlað er að 6-8 þúsund manns noti svæðið á Álfsnesi á ári. Félagsmenn SR eru um 1,500 en almennir iðkendur mun fleiri. Þáttakendur á skotvopnaprófum LRH og UST eru um 500 á hverju ári og próftakar í Hreindýraprófum eru um 400 á ári. Það er starfsemi sem unnin er í nánú samstarfi við Umhverfisstofnun og Lögreglu höfuðborgarsvæðisins.
3. Skotsvæði félagsins var lokað í Grafarholti árið 2000
4. Afnotasamningur gerður við Reykjavíkurborg sama ár til 20 ára.

5. Nýtt skotsvæði á Álfsnesi opnað 2008 – Engin útistarfsemi í 8 ár sem hafði mikil áhrif á starf félagsins og uppbyggingu íþróttarinnar á landinu.
6. Skotsvæðið á Álfsnesi byggt upp og kostað af Reykjavíkurborg
 - a. Sem dæmi var jarðvegur fluttur á svæðið með ca. 20,000 trailerferðum (1 trailer tekur um 17m³)
 - b. Reistar hljóðmanir sem áttu að minnka hljóðmengun í byggðina á Kjalarnesi.
 - c. Byggð tengibygging milli félagsheimilanna
 - d. Byggðir 6 kastturnar undir leirdúfuvélar
 - e. Byggðir 4 Ólympískir Skeet-haglabyssuvellir eftir ÓL-reglum
 - f. Byggt rífflskýli.
 - g. Steyptir sökklar undir allan húsakostinn eftir ströngust reglum.
7. Var ákveðið að setja svæðið á Álfsnes, eftir að skoðaðir höfðu verið um 20 staðir á höfuðborgarsvæðinu. Reiknuðu allir með að þetta svæði yrði varanleg staðsetning.
8. Skotsvæðið á Álfsnesi kemst næst því að vera þjóðarleikvangur skotíþróttar á Íslandi og var notað sem keppnisvöllur fyrir Smáþjóðaleika árið 2015.
9. Heilbrigðiseftirlit(HER) gerir miklar kröfur til skotsvæðisins.
 - a. Með hliðsjóð af reglugerðum þar um er búið að banna blýhögl í haglabyssur, sem er vel.
 - b. Hljóðmælingar miðaðar við íbúðahúsnæði en ekki iðnaðarsvæði, sem skv.aðalskipulagi er svæðið handan Kollafjarðar iðnaðarsvæði.
 - c. HER innheimti hjá Skotfélaginu um kr. 650,000 fyrir vinnu við að undirbúa starfsleyfi til 2ja ára. Samkvæmt því ætti félagið að hætta útistarfsemi í mars 2023.
 - d. Opnunartími takmarkaður verulega, mán-fim kl.12-19, laug 10-16, lokað á föstudögum og sunnudögum. Félagið má aðeins halda 4 mót á ári, en mótahald stendur yfirleitt yfir frá föstudegi til sunnudags.
 - e. Auk þess setur HER ýmsar takmarkanir og kvaðir, sem getur verið erfitt fyrir sjálfbodaðadrifið íþróttafélag, sem á litla möguleika á að afla sér aukinna tekna til að standa undir slíkum kvöðum.
10. Algengt er í Evrópu að skotsvæði séu nálægt byggð og oft við þjóðvegi. Nægir þar að nefna skotvöll Kaupmannahafnar en þar eru skotvöllirnir við þjóðveginn á Amager.

Í viðræðum við fulltrúa Skotfélagsins hefur verið rætt hvar væru möguleikar á að koma upp nýrri aðstöðu fyrir félagið og hvað slíkt myndi kosta og hvort hægt væri að flytja núverandi búnað frá Álfsnesi, ef nýtt svæði fyndist.

Þá hefur verið rætt við starfsmenn á umhverfis- og skipulagssviði um möguleika á nýrri staðsetningu fyrir skotæfingasvæði í borgarlandinu.

Eins og fram kemur í samþykkt borgarráðs frá 15. apríl 2021 á að skila tillögum til borgarráðs fyrir 1. desember 2021.


Ómar Einarsson,
sviðsstjóri ÍTR.